



Reykjavík, 10. ágúst 2021

R21080014

Efni: Umsögn mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um menningarstefnu Reykjavíkurborgar 2021 -2030

Almennt

Stefnan er vel unnin og framsetning skýr. Mikil áhersla er lögð á inngildingu sem er eitt af leiðarljósum mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs og er í samhljómi við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þessi áhersla þarf síðan að endurspeglast eða vera útfærð nánar í aðgerðaráætlunum innan menningar- og ferðamálasviðs og árangur mældur. Í aðgerðaráætlun þarf að koma fram til hvaða aðgerða skuli grípa til þess að menning og listir verði aðgengilegar mismunandi hópum, út frá tungumáli, fjölbreyttum aðgengisþörfum fatlaðs fólks o.fl. Einnig þarf að koma fram hvaða leiðir skuli farið til þess að tryggja að listafólk endurspegli fjölbreytileikann í samfélaginu.

Kynna þarf stefnuna vel meðal borgarbúa, listafólks og þeirra jaðarhópa sem hún á að ná til.

Ábendingar:

Framsetning

Ein athugasemd er gerð við framsetningu. Það færi betur á því að vera ekki með stöðumat inni í stefnunni eins og gert er í inngangi, stuðningur við menningu og listir 2021, heldur hafa það í fylgiskjali. Þetta mun eldast illa með þessari framsetningu en mikilvægt er að hafa það í huga að stefnan gildir til 2030.

Gegnsæi

Í stefnunni þarf að vera lögð áhersla á gegnsæi til að hægt sé að fylgja því eftir að framkvæmdin byggir á raunverulegri inngildingu.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Fram kemur að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun hafi verið höfð að leiðarljósi við gerð menningarstefnunnar og eru allar aðgerðir í aðgerðaáætlun skilgreindar út frá þeim. Fimmta heimsmarkmiðið um jafnrétti kynjanna ætti einnig að vera haft að leiðarljósi í stefnunni en borgin leggur áherslu á jafnrétti eins og fram kemur m.a. í mannréttindastefnu borgarinnar.